

B.t. Menningar- íþróttá- og tólmstundaráðs Reykjavíkur
Ráðhúsið við Vonarstræti

Reykjavík, 3. janúar 2019

Ágætu nefndarmenn!

Okkur þóttu það heldur kaldar kveðjur sem bárust okkur með þeirri tillögu faghóps menningar, íþróttá og tólmstundaráðs Reykjavíkur skömmu fyrir jól, að ekki þætti ástæða til þess að framlengja samstarfssamningi borgarinnar og Lókal að sinni. Lókal hefur staðið að skipulagningu og framkvæmd á alþjóðlegri sviðslistahátíð í Reykjavík frá árinu 2008, hin síðustu ár í góðu samstarfi við Reykjavík Dance Festival. Með því að sameina þannig krafta tveggja smærri aðila hefur tekist að halda úti alvöru sviðslistahátíð, SPECTACULAR; öflugum vettvangi fyrir nýjustu strauma og stefnur í alþjóðlegum sviðslistum. Við höfum tengt saman erlenda og innlenda listamenn, sinnt innflutningi á á erlendum sviðslistaviðburðum og starfað með flestum listastofnunum borgarinnar. Við höfum einnig staðið að kynningu á íslenskum sviðsverkum og listamönnum á hverju ári, í samstarfi við Sviðslistasamband Íslands, auk þess sem Listaháskólinn hefur nýtt sér hátíðahöldin, en sviðslistadeild skólans leggur nú heila viku undir í tengslum við Lókal / RDF og nýtur krafta þeirra listamanna sem koma til borgarinnar að sýna og kynna verk sín.

Faghópurinn lagði til á fundi 10 desember s.l. að Lókal fengi 3 milljónir í styrk árið 2019. Það er sama upphæð og við höfum verið að vinna með frá ársbyrjun 2016 – og þótti ekki há summa í þá tíð. Við höfum hins vegar ekki lagt það í vana okkar að kvarta undan fjárveitingum en leitað leiða til þess að auka enn frekar við fjármagn sem fengist hefur frá opinberum aðilum. Á undanförunum árum hefur enda verið lögð mikil áhersla á að hátíðir og stofnanir sækji aukið rekstrarfjármagn í aðra staði, t.d. til menningaráætlunar Evrópusambandsins. Eftir að hafa náð langtímasamningum við opinbera aðila fyrir þremur árum síðan (borg og ríki) var mikilvægum áfanga náð og við öðluðumst nægilegt öryggi til þess að hella okkur út í erlent samstarf, hafandi tryggt grunnfjármögnun nokkur ár fram í tímann. Síðustu árin hefur Lókal þannig verið virkur þátttakandi í alþjóðlegum tengslanetum hátíða og leikhúsa í Evrópu sem taka sig saman um að framleiða og kynna ný verk á sviði leiklistar og dans. Okkur telst til að á síðastliðnum þremur árum hafi Lókal leiklistarhátíð ehf velt 10 milljónum króna frá Creative Europe í gegnum sína reikninga. Þessir peningar hafa fengist vegna grunnfjármögnunar til lengri tíma og hafa nýst okkur gríðarlega vel hér heima fyrir.

Það er ánægjulegt að taka til sín og vinna úr fjármunum frá Evrópusambandinu – það er einnig ábyrgðarhluti. Allajafna er lagt upp í verkefni og tengslanet sem standa yfir í 3 til 4 ár og eru að velta fjármunum allan þann tíma. Þá er nauðsynlegt að geta horft til framtíðar, enda er lítil slaki veittur í bókhaldi Evrópusambandsins og mikilvægt að aðilar á borð við Lókal geti staðið við sínar skuldbindingar. Það var því töluvert áfall fyrir okkur þegar við vorum upplýst um tillögu faghópsins; sem sé að ekki skuli gert ráð fyrir áframhaldandi samningi Lókal og Reykjavíkurborgar. Tillagan setur okkur í erfiða stöðu gagnvart okkar kollegum og fjármögnunaraðilum, en hefur einnig áhrif á framtíðarverkefni. Þannig er t.d. um þátttöku okkar í merkilegu verkefni sem stofnað hefur verið til af Dublin City Culture Company - Menningarsviði Dyflinnar – við lögðum hugmyndina að verkefninu einmitt fram með umsókn okkar um áframhaldandi samning s.l. haust. Í stuttu máli snýst það um að nota sviðslistir til þess að ýta undir þátttöku innflytjenda í menningar- og listalífni; fólks sem hefur oftast en ekki

litla rödd í því sviði. Hugmyndin er að aðilar frá nokkrum evrópskum borgum sameinist í tengslaneti sem njóti stuðnings Evrópusambandsins. Þetta er frábær hugmynd og verkefnið brýnt hvort heldur sem er í Dyflinni eða í Reykjavík. Við stöndum hins vegar frammi fyrir því að þurfa að hafna þátttöku í því og ástæðan er einföld: við getum hreinlega ekki svarað kröfunni um að skuldbinda okkur 3 til 4 ár fram í tímann.

Það er leitt að segja það, en kannski er lærdómurinn af öllu saman þessi: það borgar sig ekki að fara að góðum ráðum og demba sér út í flókið, alþjóðlegt samstarf og/eða fjármögnun ef maður má eiga von á því að fótunum sé kippt undan starfsemi með pennastriki og án nokkurs samráðs. Við teljum mjög mikilvægt að lifandi samtal haldist á milli okkar – sem rekum og erum í forsvari fyrir viðburði og hátíðir í menningar- og listalífi borgarinnar – og yfirvalda. Þannig er hægt að viðhalda því sem vel er gert, horfa sameiginlega til framtíðar ... nú, eða þá að taka ákvörðun um að ekki sé lengur grundvöllur fyrir starfsemi. En það er betra að rabba aðeins saman áður, hver svo sem niðurstaðan verður.

Við leggjum enda til við menningar- íþróttá og tómsundaráð að það fjalli hér eftir sjálft um samninga við listahátíðir í borginni, en feli það ekki í hendur faghópi sem myndaður er um stundarsakir af aðilum úr ýmsum hornum listalífsins. Það er bráðnauðsynlegt að hátíðir á borð við Lókal – sem á sér 10 ára samskiptasögu við Reykjavíkurborg – geti treyst á að ákvarðanir sem teknar eru um fjármögnun byggji á einhvers konar samhengi og þeirri framtíðarsýn sem yfirvöld hafa fyrir hönd lista- og menningarlífs í Reykjavík.

Að öllu þessu sögðu, óskum við nú þegar eftir samtali um fjármögnun Lókal til framtíðar litið. Við vonum auðvitað að Reykjavíkurborg sjái sér hag í samstarfi við hátíðina; þó að staðan sé þessi í augnablikinu, þá er engin ástæða til þess að varpa fyrir róða öllu sem hefur áunnist á s.l. 10 árum. Við höfum ávallt staðið skil á öllum fjármunum, höfum haldið utan um stóran hóp ungra sviðslistamanna í gegnum árin, byggt upp gríðarlegt tengslaneti, alið af okkur frábæra pródúsenta og verkefnastjóra og skuldum engum neitt (nema ef vera skyldi sjálfum okkur!). Lókal er mikilvægur vettvangur í sviðslistalífi borgarinnar – ekki sist sem tengiliður listamanna og áhorfenda við umheiminn – en hverfi hann af sjónarsviðinu er hætt við að það myndist skarð sem ekki er útlit fyrir að nokkur muni fylla í náinni framtíð.

Með óskum um gleðilegt nýtt ár!

Virðingarfyllt,
f.h. Lókal leiklistarhátíðar ehf



Bjarni Jónsson, leikskáld og listrænn stjórnandi

Lókal leiklistarhátíð ehf (640506-2100), Leifsgata 32, IS-101 Reykjavík

www.lokal.is

lokal@lokal.is